

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 142

25. ágúst 2025

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans mánudaginn 25. ágúst 2025 kl. 8:30. Mætt eru: Bergur Þorgeirsson (í forföllum Flosa Sigurðssonar), Bjarki Þór Grönfeldt, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerða síðusta funda og þær samþykktar samhljóða.

2. Sex mánaða staða

Skólameistari fór yfir stöðu mála miðað við fyrstu sex mánuði ársins. Staðan er vel ásættanleg. Framlög ríkis miðað við 130 nemendaígildi sem er töluvert lægra en í raun nema við skólann. Umræður fóru fram í kjölfarið.

3. Skólaþróun

Skólameistari fór yfir þróun á starfi MB.

Skólaþróunarhópur starfar frá og með hausti með það að markmiði að vinna að endurmenntunar- og skólaþróunarstarfi skólans. Hópurinn er skipaður tveimur kennurum sem eru lýðræðislega kosnir af starfsfólki skólans, og tveimur stjórnendum tilnefndum af skólameistara.

Umræður fóru fram í kjölfarið og ræddar hugmyndir og möguleikar MB til framtíðar í starfi skólans.

4. Nemendur og nemendafjöldi í upphafi skólaárs

Í upphafi skólaárs eru 219 nemdur skráðir í nám í MB og hafa aldrei verið fleiri. Af þeim eru 140 í staðnámi.

5. Skólastafið

Skólameistari lýsti upphafi skólaárs. Skólabragur hefur gerbreyst í takt við tíðaranda og fjölgun nemenda. Margt spennandi er framundan, í nóvember fer fram ráðstefnan LÆRT fyrir kennara, starfameissur í samstarfi við SSV og námskeið fyrir kennara eru á dagskrá á haustönn. Enn eru skólar og stofnanir að koma í heimsókn í skólann og kynna sér námið.

6. Önnur mál

- a. Farið var yfir gang mála með uppbyggingu nemengagarða, svokölluðu *Húsi kynslóðanna*. Framkvæmdin gengur mjög vel. Reiknað með að húsið verði gert fokhelt í október. Rætt um sölu á núverandi eignum nemendagarðanna á Brákarbraut.
- b. Óformlegt erindi barst skólanum um greiðsluþátttöku í ákveðnu uppbyggingarverkefni. Í ljósi þess að skólinn er að stækka og vinnur að uppbygginu nýrra nemendagarða, samþykkti stjórn að rétt væri að sitja hjá í þetta sinn.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 9:51.